

málskostnaðarupphæð 50 kr., ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að ákvæðið um vararefsinguna fellur burtu.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða aukaréttardómi skal óraskað, þó svo, að ákvæði dómsins um vararefsingu fellur burtu.

Áfrýjandinn, Edvald F. Möller, greiði stefndu, Þorsteini Þorsteinssyni og Herðisi Þorsteinsdóttur, 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 30. júlí 1917.

Nr. 7/1917.

Eiríkur Filippusson
gegn

Vilhjálm Benediktssyni
og Hjálmari Ólafssyni f. h.
eigenda Ness í Norðfirði.

D ó m u r:

Mál þetta höfðuðú hinir stefndu, Vilhjálmur Benediktsson og Hjálmar Ólafsson á Norðfirði fyrir

hönd eigenda Ness í Norðfirði fyrir aukarétti Suður-Múlasýslu, gegn áfrýjanda Eiríki Filippussyni á Strönd í Neshreppi, til greiðslu á ógreiddum lóðargjöldum m. m., að upphæð 64 kr. 50 a., ásamt 5% ársvöxtum og málskostnaði. Lauk máli þessu svo fyrir aukaréttinum 26. ágúst f. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða hina umstefndu skuld, kr. 64.50 með 5% ársvöxtum frá 6. marz 1916 til greiðsludags og 30 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir Eiríkur Filippusson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 6. febr. þ. á., og hefir hann fengið til þess gjafsókn og skipaðan málflytningmann, svo og leyfi til þess að koma fram með nýjar málsástæður og nýjar sannanir máli sínu til stuðnings hér fyrir réttinum. Fyrir yfirdómnum hefir talsmaður áfrýjanda gert þær réttarkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og áfrýjandi algerlega sýknaður af kröfum stefndu og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir báðum réttum, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Stefndu krefjast þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Með grunnleigusamningi dags. 30. nóv. 1905, leigðu eigendur jarðarinnar Ness í Norðfirði, þurra-búðarmönnunum Sigurði Þorleifssyni og Guðna Eiríkssyni, grunn undir hús í Neslandi og átti hvor þeirra að greiða á ári 10 kr. lóðargjald, 10 kr. fyrir hvern stórgrip þeim tilheyrandi, er gengi í Neslandi og 10 kr. í uppsátursgjald fyrir hvern bát, sem þeir létu ganga til fiskjar. Arið 1908 virðist áfrýjandi

hafa flutt í hús það, er bygt var á umræddu leigu-landi, og hefir hann árin 1908—10 greitt grunnleigu eftir hálfu húsið móti Guðna Eiríkssyni, 10 kr. á ári og uppsátursgjald og fyrir hagagöngu eins og áskilið er í samningum 30. nóv. 1905, og er enginn ágrein- ingur um gjöld þessi fyrir nefnd ár. Árið 1910 tók áfrýjandi alt húsið til eigin nota, og heldur hann því fram, að þá hafi verið gerður nýr samningur um lóðina við eigendur Ness, og þá verið ákveðið að hann skyldi greiða 15 kr. á ári eftir alla lóðina og 10 kr. í hagabeit fyrir skepnur, ef nokkrar yrðu. Hafi átt að gefa út nýtt byggingarbréf, en það hafi jarðeigendur vanrækt, þótt þess hafi þráfaldlega verið krafist.

Stefndu halda því hinsvegar fram, að þegar Guðni Eiríksson hafi gengið úr leigunni, þá hafi áfrýjandi gengið inn í skyldur hans eftir samningnum 30. nóv. 1905 eins og hann hafi áður gengið inn í samninginn í stað Sigurðar Þorleifssonar, en hitt hafi aldrei komið til orða, að áfrýjandi fengi niðurfærslu á grunnleigunni, enda hafi hann aldrei farið þess á leit. En þar sem áfrýjandi hafi greitt lóðargjöld, hagatoll og uppsátursgjöld skilvíslega árin 1908—10 hafi þótt óþarfi að gefa út nýtt byggingarbréf. — Það sem málsaðilum ber á milli er þannig fyrst og fremst um upphæð lóðargjaldsins, og telja stefndu ógreitt af því 5 kr. á ári fyrir árin 1911—1915, samtals 25 kr.; svo telja þeir ógoldið fyrir hagbe- it 19 kinda árið 1915 kr. 9,50 og uppsátursgjald fyrir árið 1912 5 kr., fyrir 1913 5 kr. og fyrir 1914 20 kr.

Áfrýjandi heldur því nú fram, að þar sem eigendur Ness hafi vanrækt að gefa sér byggingarbréf, beri samkvæmt 15. gr. í lögum nr. 60, 22. nóv. 1907 að leggja skýrslu sína um eftirgjaldið til grundvallar.

Skýrsla áfrýjanda um lóðargjaldið styrkist við það, að hann hefir öll árin 1911—15 að eins greitt 25 kr. á ári fyrir lóðarafnot og gripagöngu. Í kvittunum fyrir hinum árlegu greiðslum, sem lagðar hafa verið fram í málinu, er í hverri þeirra tiltekið fyrir hvaða ár greiðslan sé, og er engin athugasemd gerð um það, að eftirstöðvar frá fyrra ári eða fyrri árum séu ógreiddar; í kvittuninni fyrir greiðslunni fyrir árið 1911 er jafnvel tekið fram, að 15 kr. séu upp í grunnleigu og 10 kr. upp í gripagöngu það ár.

Þar sem nú hinir stefndu hafa eigi sannað, að áfrýjandi hafi skuldbundið sig til að greiða lóðargjald m. m. eftir því sem ákveðið er í samningnum 30. nóv. 1905 eða að samið hafi verið um hærra eftirgjald en áfrýjandi viðurkennir, verður samkvæmt 15. gr. nefndra laga 22. nóv. 1907 að leggja skýrslu hans um lóðargjaldið og um borgun fyrir hagbeitina til grundvallar í málinu og verður hann þá ekki dæmdur til að greiða meira í þessu skyni en hann þegar hefir gert.

Að því er uppsátursgjöldin snertir, þá heldur áfrýjandi því fram, að krafa þessi sé algerlega röng, með því að hann hafi aldrei notað neitt uppsátur eða leigt slíkt öðrum. Með því nú stefndu hafa ekki gegn þessum mótmælum sannað, að neinn bátur hafi gengið frá leigulandi áfrýjanda umrædd ár, verður

einnig að sýkna hann af kröfum stefndu um gjald þetta.

Eftir þessu verður að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum hinna stefndu, en eftir ástæðum virðist rétt, að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Flutningur málsins fyrir yfirdómi af hálfu gjaf-sóknarhafa hefir verið lögmætur, og ber skipuðum málflytningum hans 25 kr. í málflytningu-laun, er greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Eiríkur Filippusson á að vera sýkn af kröfum stefndu Vilhjálms Benediktssonar og Hjálmars Ólafssonar f. h. eigenda Ness í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Skipuðum málfærslumanni áfrýjanda, Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningum, greiðist úr landssjóði 25 kr. í málflytningu-laun.

Mánudaginn, 13. ágúst 1917.

Nr. 4/1917.

Réttvísing

gegn

Kjartani Sveinssyni.